

Tillaga frá fulltrúum Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna í velferðarráði
Efni tillögu: áfangaheimili fyrir konur

Velferðarráð felur Velferðarsviði að meta þörf á áfangaheimili fyrir konur í Reykjavík og koma með tillögu að stærð slíks áfangaheimilis, staðsetningu og fyrirkomulagi ef niðurstaða mats verður að þörf sé á slíku heimili.

Greinargerð

Í stefnu Reykjavíkurborgar um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir kemur fram að uppbygging þjónustu við heimilislausa í Reykjavík hefur á undanförunum árum verið meira til þess fallin að mæta þörfum karla en kvenna. Húsnæðisvandi kvenna sé oft dulinn og tilraunir til að mæta þörfum þeirra með sérstökum úrræðum hafa ekki borið nægjanlegan árangur. Vandí kvenna er einnig oft mjög flókinn, og þeim fylgir oft mikil áfallasaga úr æsku, vanræksla og hegðunarvandi. Konur eru einnig oft í þeim aðstæðum að vera upp á ofbeldismenn komnar varðandi vímuefni og eru útsettar fyrir ofbeldi og eru þær enn frekar jaðarsettar í félags- og heilbrigðiskerfinu. Konur þurfa skjól og öryggi þar sem þeim er mætt á þeirra eigin forsendum. Fár koonur eru á bið eftir úrræðum í samliggjandi íbúðum eða áfangaheimilum en þær eru um helmingur umsækjenda í dreifðar íbúðir. Því er óskað eftir mati Velferðarsviðs á þörf á áfangahúsnæði sem væri einungis fyrir konur.

